

Mannauðurinn er sú þekking sem býr í liðsheildinni.

Héðinn hf og dótturfélögin vilja hafa á að skipa frábæru starfsfólki sem vinnur í samræmi við stefnu markmið og gildi.

Meginmarkmið mannauðsstefnu er: að styðja við stefnu og markmið fyrirtækjanna, tengja saman hagsmuni starfsmanna og fyrirtækjanna, vera í samræmi við fyrirtækjameninguna og vera leiðarljós starfsmanna og stjórnenda.

Skýr mannauðsstefna styður við meginhlutverk Héðins hf, en það er að útvega og útfæra sérhæfðar lausnir á sviði vélbúnaðar og í járníðnaði, með nýtingu bestu aðferða og sérhæfðra tækja. Þetta munum við framkvæma með tæknimönnum og fagmönnum, þjálfuðum til að þekkja vandamál og bestu mögulega lausnir á þeim.

Hæfni

Markmiðið er að ráða, halda í og efla hæft starfsfólk. Að hafa alltaf á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga og metnað til að ná árangri í starfi. Að standa faglega að ráðningum og móttöku nýrra starfsmanna.

Samstarf

Framtíðarsýn og markmið séu skýr og starfsmenn viti til hvers er ætlað af þeim. Stjórnendur veiti starfsmönnum endurgjöf og ræða við starfsmenn um hlutverk, árangur og markmið í starfi. Fyrirtækin eru árangursdrifin og metnaðarfull þar sem starfsfólk virðir og styður hvort annað. Sameiginleg markmið og ábyrgð eru mikilvægir þættir til starfshvatningar, aukins árangurs og ánægju í starfi og að rækta umhverfi sem eykur fagmennsku og metnað fyrir góðum vinnubrögðum.

Aðbúnaður – öryggi og umhverfi.

Að vinnuumhverfi fyrirtækjanna einkennist af sveigjanleika, góðri stjórnun, samvinnu og liðsheild. Þar sem frumkvæði starfsfólks er metin og að jöfn tækifæri séu í hávegum höfð ásamt trausti, heilsusamlegu og jákvæðu umhverfi. Þar sem starfsmenn upplifa sig örugga og fyrirtækin stuðli að heilsusamlegum aðstæðum og séu í stöðugum bætingum á umhverfi og aðbúnaði til að draga úr heilsuspillandi aðstæðum.

Starfsþróun- og endurmenntun

Að fyrirtækin taki forystu í og sinni þjálfun- og endurmenntun til að starfsmennirnir geti leyst ný verkefni fagmannlega. Nýti nýja þekkingu í störfunum og tryggji þannig að tilsettur árangur verði af þeirra þjálfun og fræðslu sem fjárfest er í. Lögð verði áhersla á að starfsmenn beri ábyrgð á að viðhalda hæfni sinni og þróun í starfi og fái til þess skýran stuðning stjórnenda.

Jafnrétti og fjölbreytileiki

Við berum virðingu fyrir störfum og fagþekkingu hvers annars sem og einkalífi. Við fögnum fjölbreytileikanum. Héðinn greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um menntun/þekkingu hæfni og ábyrgð. Héðinn stendur faglega að starfslokum þar sem allir eru jafnir.

Einelti og kynferðisleg áreitni eru ekki liðinn, skýrar verklagsreglur eru til staðar. Framkoma sem veldur öðrum vanlíðan er ekki liðin hvar sem starfsmaður Héðins er staddur starfs síns vegna.